

**50. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
15. November 2016 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Elín Theódóra Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1602165 - Læsi í leik- og grunnskólum

Lögð fram skýrsla um læsi í leik- og grunnskólum.

Skóla og frístundaráð þakkar starfshópi um læsi í leik- og grunnskólum fyrir vel unna skýrslu.

Skóla- og frístundasvið samþykkir að stofna aðgerðahóp sem hefur það að markmiði að leggja fram tímasetta aðgerðaáætlun sem byggir á skýrslu starfshópsins, samningi Akraneskaupstaðar og ríkisins vegna þjóðarsáttmála um læsi og Lestrarstefnu grunnskólanna. Aðgerðahópurinn leggi fram tillögur eigi síðar en 15. mars 2017. Hópinn skipa einn fulltrúi stjórnenda leikskólanna, einn fulltrúi stjórnenda grunnskólanna, talmeinafræðingur og sviðsstjóri sem jafnframt er starfsmaður hópsins. Aðgerðahópnum verður sett erindisbréf.

2. 1611078 - Tímasetning útskriftar 10. bekkur grunnskólanna

Skólastjórar grunnskólanna á Akranesi leggja til breytingar á tímasetningu á útskrift nemenda í 10. bekk vorið 2017.

Skóla- og frístundaráð samþykkir ósk skólastjóra grunnskólanna að breyta skóladagatali skólanna þannig að útskrift 10. bekkinga verði fimmudaginn 1. júní 2017 kl. 17:30 í báðum skólum, í stað þess að útskrift fari fram 2. júní kl. 17:30 og 19:30.

3. 1611034 - Sundfélag Akraness - styrkumsókn vegna tækjakaupa

Erindi frá formanni Sundfélags Akraness, þar sem óskað er eftir aðstoð Akraneskaupstaðar til tækjakaupa fyrir sundfélagið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa erindinu með jákvæðum hætti til bæjarráðs um að styrkja Íþróttamiðstöðina Jaðarsbökum til endurnýjunar á "Pödsum" búnaðar í sundlaugina til þess að mæla tíma keppenda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Signíður Indridadóttir
Káuull Óversleitir
Asthildur Ósk Ragnarsd.
Signín Inga Guðnadróttir
Kristján Hallur Sveinsson